

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 – 1993

Nr. 103

492

27. september 1993

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 27. september 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 104

28. október 1993

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 19. kafla tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:
Undirliður 1901.20 skiptist upp og orðist svo:

	Tollur %	Gjöld
	A	B E
– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905:		
– – Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna:		
1901.2011 – – – Til framleiðslu á hrökkbrauði í tnr. 1905.1000	0	
1901.2012 – – – Til framleiðslu á hunangskökum og þess háttar í tnr. 1905.2000	0	
1901.2013 – – – Til framleiðslu á sætakexi í tnr. 1905.3011 og tnr. 1905.3029, þ.m.t. smákökur	0	
1901.2014 – – – Til framleiðslu á piparkökum í tnr. 1905.3021	0	
1901.2015 – – – Til framleiðslu á vöflum og kexþynnum í tnr. 1905.3030	0	
1901.2016 – – – Til framleiðslu á tvíbökum, ristudu brauði og áþekktum ristuðum vörum í tnr. 1905.4000	0	